

## **Símafundur samtakanna Landsbyggðin lifi, 26. ágúst '21, kl. 20:30**

Mættir: Stefanía, Sigríður, Guðrún Vigfús, Þórdís og Björgvin. Fundurinn var í tali og mynd í gegnum messenger.

1) Á dagskrá er að ákveða aðalfund á netinu:

Aðalfundur skal boðaður minnst 15 dögum fyrir fundinn. Gott að kæmi fram í auglýsingu að þeir sem vilja fá ársreikningar láti vita. Stjórnin fær þetta áður. Ákveðið að halda fundinn 23. sept. kl. 19:30.

2) Sagt frá verkefni sem var unnið í síðustu viku með Möggu í Hamrinum – sjá nánar á heimasíðu Hafnarfjarðar:

Fáir mættir í ungmennahúsið (fyrir 16-25 ára) Hamarinn í Hafnarfirði en við settum verkefnið upp. Skipst var á upplýsingum og kynningum á báða bóga, m.a. var sýnt kynningarmyndband sem þær systur gerðu um aðkomu LBL að unglिंगastarfi. „Músík og mótór“ var einnig heimsótt en þar er aðstaða fyrir ungmenni til margháttaðra viðgerða svo er aðstaða til tónlistariðkunar. Það tókst að safna 20 á lista þátttakenda. Hugað var að framtíðarsamstarfi. Fórum líka í heimsókn í Brettafélagið (hjólabbrettasalur).

3) Undirbúningur að fundi fólksins 3. og 4. sept.:

Fáum sent myndband sem við hugsum okkur að láta rúlla á Fundi fólksins – við í stjórninni megum gera athugasemdir.

4) Áætluð ferð austur á Djúpavog 16. sept. (til 19.):

Sigríður og þær systur Stefanía og Guðrún og fleiri ef þeir eiga þess kost. Skoða verkefnið þar og fleira áhugavert þar – ættum einnig að koma við í Gautavík. Bensínið er orðið svo dýrt. – fáum bara 50 kr. á km. Ákveðið að hækka gjaldið í 70 á km (Lítið miðað við alþingismenn).

Önnur mál:

Stefanía nefnir verkefni unnið af konu á Norðfirði (á vegum sveitarfélagsins) um loftslagsmál. Gæti verið áhugavert fyrir okkur síðar.

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritari